



Velferðarnefnd
Nefndasvið Alþingis
150 Reykjavík

Reykjavík, 20. ágúst 2020

Efni: Umsögn um drög að breytingartillögum meiri hluta velferðarnefndar við frumvarp til laga um húsnæðismál (hlutdeildarlán), 926. mál.

Vísað er til erindis sem barst þann 14. ágúst sl. frá Velferðarnefnd Alþingis þar sem óskað er eftir umsögn Arion banka við drög meiri hluta velferðarnefndar að breytingartillögum við framlagt frumvarp til laga um húsnæðismál (hlutdeildarlán), 926. mál.

1. Óslitin veðröð og skattfrjáls ráðstöfun séreignarsparnaðar

Arion banki fagnar því að velferðarnefnd hafi tekið til greina þá athugasemd sem bankinn setti fram í umsögn sinni við upprunalegt frumvarp og lagt til breytingar á 4. mgr. 2. gr. þess efnis að fjármálastofnanir geti áfram lánað á 1. og 2. veðrétt.

Jafnframt er jákvætt að sjá tillögu um afnám 7. tölul. b.liðar 2. gr., sem kveður á um skyldu umsækjanda að verja skattfrjálsri ráðstöfun séreignarsparnaðar til lækkunar höfuðstóls fasteignaláns á 1. veðrétti, enda lánveitendum bannað að setja fram slíka kröfu sbr. 5. mgr. bráðabirgðaákvæðis VIII. laga um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða nr. 19/1997.

2. Hugtakið sambúðarfólk

Í a. lið breytingartillaganna er lagt til að „[á] eftir orðunum „samanlagt fyrir hjón“ í 1. másl. 1. mgr. komi: eða sambúðarfólk.“ Hugtakið „sambúðarfólk“ hefur þó ekki enn verið skilgreint í íslenskrum löggjöf og er í eðli sínu mjög víðtækt. Hér er því upplagt fyrir löggjafann að grípa tækifærið og skilgreina hugtakið sambúðarfólk.

Án haldbærrar skilgreiningar liggur ekki fyrir hvort einungis sé átt við fólk í skráðri sambúð, eða „*hverja þá fullorðnu einstaklinga sem velja sér að deila heimili hverjar svo sem ástæður þess eru. Hér getur t.d. verið um að ræða foreldri með uppkomnu barni sínu, aðra ættingja, vini eða þá sem búa saman í nánu lífssambandi sem líkja má við hjúskap eða staðfesta samvist en kjósa þó ekki að velja það form.*“, sbr. skilgreiningu í skýrslu dómsmálaráðherra á löggjafarþingi 2000-2001, sjá [hér](#).

Sé skilgreining sú sem sett var fram af dómsmálaráðherra árin 2000-2001, höfð til hliðsjónar má skilja lagaregluna sem svo að reglan geti t.d. átt við 3 vini, sumir jafnvel með börn, aðrir ekki, sem kjósa að búa saman og deila engri framfærslu nema rekstrarkostnaði veðsins. Því er eðlilegt að varpa fram þeirri spurningu hvort að það sé ætlunin?



3. Samræming orðalags

Í b. lið breytingartillaganna er lagt til að „[i] stað orðanna „sem býr á heimilinu“ í 2. másl. 1. mgr. komi: sem er á framfæri umsækjanda.“ Ekki er gerð athugasemd við orðalagsbreytinguna sem slíka heldur fremur vakin athygli á því að orðalaginu „sem býr á heimilinu“ bregður einnig fyrir í 3. másl. 2. mgr. 2. gr. og því lagt til að breyting verði sömuleiðis gerð þar til samræmis.

Virðingarfyllt,

Snorri Sigurðsson, lögfræðingur